

STYRKARFÉLAG
LAMADRA OG FATLAÐRA
ALMANTÓÐSLEIÐIR REYKJADALUR



Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1
850 Hellu

MÓTTEKIÐ

22. SEP. 2015



Rangárþing ytra

Reykjavík 16. september '15

Efni: Sumar- og helgardvöl fatlaðra barna og ungmenna í Reykjadal, Mosfellsbæ og sumardvöl Foreldra- og styrktarfélags Klettaskóla.

Eins og síðast liðin ár þá sendum við beiðni til sveitarfélaga um þátttöku í kostnaði við rekstur sumarþúða fyrir fötluð börn og ungmenni

Miðað er við að sveitarfélagið taki í þátt í kostnaði til jafns við einstaklinga frá viðkomandi svæði. Vonast er eftir jákvæðri þátttöku eins og undanfarin ár. Sumarið 2015 dvöldu 195 einstaklingar frá 26 sveitarfélögum í Reykjadal.

Frá Hellu kom 1 einstaklingur og ein dvalarvika. **Samkvæmt því yrði framlag sveitarfélagsins vegna sumarsins 2014 kr. 46,900.**

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um rekstur sumardvalarinnar í Reykjadal þá er hægt að senda fyrirspurn á vilmundur@slf.is

Virðingarfyllt
STYRKARFÉLAG
LAMADRA OG FATLAÐRA
Kt. 630269-0249



Vilmundur Gíslason, framkvæmdastjóri

Gestur
Kristín Ylfa Guðmundsdóttir kt. 030405-2340 Lyngás 3

Upphæðina má leggja inn á 0301-26-53 kt. 630269-0249. Sé óskað eftir reikningi þá vinasamlegast látið vita í tölvupósti. vilmundur@slf.is



Reykjadalur:

Um félagið:

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra var stofnað árið 1952 og eins og segir í lögum félagsins þá er *tilgangur félagsins að greiða fyrir lömuðu og fötluðu fólki, einkum börnum, á hvern hátt sem félagið hefur tök á og stuðlað getur að aukinni orku, starfshæfni og velferð þess*. Það hefur félagið gert með því að vera frumkvöðull og eða taka þátt í verkefnum sem bæta eiga lífsgæði fólks með fötlun. Eitt þessara verkefna er rekstur sumardvalarheimilis fyrir fötluð börn og ungmenni í Reykjadal Mosfellsbæ en félagið hefur verið með starfsemi þar frá 1963.

Markmiðið með sumar- og helgardvölinni:

Þjónustan er fyrir börn og ungmenni á aldrinum 8 ára til 21 eins árs. Einnig koma einstaklingar á aldrinum frá 21 árs til 35 ára í Reykjadal til helgardvala yfir veturinn.

Á milli 190 og 200 einstaklingar koma árlega til sumardvalar í Reykjadal og dvelja ýmist í sex daga eða þrettán daga hvert. Allt að 28 einstaklingar geta dvalið í sumarþúðunum í einu en fjöldinn ræðst af umönnunarþyngd og þeim fjölda starfsmanna sem eru á vakt. Starfið hefst í lok maí og lýkur því um miðjan ágúst (11 dvalarvikur) Dvalargjald einstaklings er það sama og ófatlaðir einstaklingar greiða fyrir dvöl í sumarþúðir KFUM og KFUK en það var kr. 46.900 fyrir sex daga dvöl sumarið 2015. Ekki er hægt að anna öllum umsóknum og því getur biðin eftir því að komast í sumardvöl orðið eitt til tvö ár.

Markmið sumardvalarinnar er að bjóða fötluðum börnum og ungmennum sem ekki hafa kost á að sækja aðrar sumarþúðir upp á tilbreytingu og rjúfa félagslega einangrun þeirra. Í Reykjadal eiga dvalargestir ævintýradaga í frábæru umhverfi. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt og lýsa einkunnarorðin gleði - jákvæðni - ævintýri dvölinni vel. Einnig léttir sumardvölin álagi af fjölskyldum barnanna á sumarleyfistíma. Reynt er að haga starfinu í líkingu við það sem gert er í almennum sumardvölum en tekið er tillit til fötlunar hvers og eins í starfinu.

Yfir veturinn er starfsemi um helgar í Reykjadal. Hefst starfsemin í september og er fram í nóvember. Í lok janúar hefst svo starfsemin aftur og er fram í mars. Gert er ráð fyrir sjö helgum hvort tímabil.

Mikil fjölgun hefur orðið síðustu ár og nýttu 139 einstaklingar vetrardvöl fyrri hluta ársins. Þeim stendur til boða að koma tvisvar á tímabilinu. Markmið með rekstri helgardvalar er að gefa fötluðum börnum og ungmennum kost á helgarfrí tvisvar á ári þar sem stuðlað er að félagsþroska og vináttu gesta. Einnig er þetta mikilvægt stuðningsúrræði við foreldra og forráðamenn. Gjald þeirra sem eru yngri en 20 ára greiða kr. kr. 12.500 fyrir helgardvölinu. Eldri dvalargestir greiða kr. 25.000.

Starfsmenn:

Flestir starfsmenn eru aldrinum 18 ára til 26 ára og eru námsmenn úr framhalds- og háskólum. Við ráðningu er haft í huga að fá sem breiðastan bakgrunn starfsmanna. Rík áhersla er lögð á að strákar séu ekki færri en 30% af starfsmönnum

og hefur tekist vel að ná því marki. Starfið snýst fyrst og fremst um að gestum líði vel, skemmti sér og að fyllsta öryggis gesta sé gætt. Sumarstarfið hefst með námskeiði og er ætlast til þess að allir sumarstafsmenn mæti á það.

Starfsmenn yfir sumartímann eru 49 og skipta þeir á milli sín vöktum. Á hverri vakt eru 22 starfsmenn auk verkefnastjóra Reykjadal. Fjórir starfsmenn skipta með sér næturvöktum tveir og tveir saman.

Nánari lýsing á starfsemi og þeim kröfum sem gerðar eru til starfsmanna er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins www.slf.is undir Reykjadal.

Uppbygging:

Öll fjármögnun framkvæmda kemur af sjálfsaflafé og gjöfum frá velunnurum félagsins. Félagið hefur byggt upp myndarlega aðstöðu í Reykjadal. Þar er svefnaðstaða fyrir allt að 28 gesti, mötuneyti, íþróttahús og sundlaug. Á staðnum er góð lóð þar sem meðal annars eru ýmis leiktæki, fótboltavöllur, aðstaða fyrir þjálfun á hestbaki og margt fleira. Starfsmannahús þar sem starfsmenn geta gist milli vakta er einnig á svæðinu. Miklir möguleikar eru ónýttir á svæðinu þar sem félagið er í dag eingöngu að nýta hluta lóðarinnar undir starfsemi. Til stendur að byggja rúmlega 300 fm. hús tengt íþróttahúsi. Þar verður matsalur bæði fyrir dvalargesti og starfsmenn ásamt eldhúsi og búri. Starfsemi eins og þessi væri ekki möguleg nema til kæmi stuðningur ýmissa einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka. Síðustu árin hafa nokkrar Oddfellow stúkur unnið að miklum endurbótum á aðstöðu innan og utan dyra. Lionsklúbbar, Kiwanisklúbbar, Hringurinn, Thorvaldsenbasar o.fl. o.fl Miklir möguleikar eru á áframhaldandi uppbyggingu lóðar en hún er um 3 hektarar.

Rekstur:

Áætlun fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir að kostnaður verði 120 milljónir. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga tók við fjármunum sem áður komu úr Velferðaráðuneytinu og gera áætlanir ráð fyrir 59 milljónum úr sjóðnum. Aðrir styrkir úr Velferðaráðuneytinu eru 5 milljónir. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin leggi til 11,3 milljónir og dvalargjöld sumar og vetur 17.1 milljón. Það sem á vantar aftar félagið með ýmsum fjáröflunum svo sem happdrætti, sölu Kærleikskúlu og styrkjum frá einstaklingum og félögum. Þar sem félagið hefur ávalt þurft að leggja mikla fjármuni í almennan rekstur hefur það takmarkað möguleika félagsins á frekari uppbyggingu á staðnum.